

Lestrarstefna Grunnskóla Grindavíkur



Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	1
1. bekkur -lestur	3
1. bekkur -lesskilningur.....	4
2. bekkur -lestur	5
2. bekkur -lesskilningur.....	6
3. bekkur -lestur	7
3. bekkur -lesskilningur.....	8
Lestrarkennsla í 4. bekk lestur.....	9
Lestrarkennsla í 4. bekk lesskilningur	10
Lestrarkennsla í 5. bekk -lestur.....	11
Lestrarkennsla í 5. bekk -lesskilningur.....	12
Lestrarkennsla í 6. bekk –lestur.....	13
Lestrarkennsla í 6. bekk lesskilningur	14
Lestrarkennsla í 7. bekk lestur.....	15
Lestrarkennsla í 7. bekk lesskilningur	16
Lestrarkennsla í 8. bekk lestur og lesskilningur.....	17
Lestrarkennsla í 9. bekk lestur og lesskilningur	18
Lestrarkennsla í 10. bekk lestur og lesskilningur.....	19
Próf og mælitæki.....	20
Kennsluaðferðir	23
Verklagsreglur ef heimalestri er ekki sinnt.....	27

Lestrarstefna Grunnskóla Grindavíkur

Stefnum hærra - í upphafi skyldi endinn skoða.

Lestur og lestrarkennsla er ferli sem fer fram alla skólagönguna. Við gerð lestrarstefnunnar er horft til þess að við lok grunnskólagöngu hafi öll börn náð sinni bestu mögulegu lestrarfærni. Það er lestrarstefnan í hnotskurn.

Við vitum að góð færni í lestri er undirstaða fyrir allt nám. Góð lestrarfærni er einnig forsenda lestraráhuga og þess að njóta bókmennta til afþreyingar og skemmtunar. Lestur bókmennta er mikilvægur liður í almennri lestrarþjálfun og mótun sjálfsmyndar barna. Lestur stuðlar að betri skilningi á mannlegu eðli, menningu og fleiru. Rannsóknir hafa sýnt að börn sem lesa reglulega og lesið er fyrir bæta við sig fjölmörgum nýjum orðum í hverri viku. Mikilvægt er að vekja áhuga nemenda í öllum árgöngum á lestri og gera þeim grein fyrir mikilvægi góðrar lestrarkunnáttu.

Við upphaf lestrarkennslu er mikilvægt að vinna markvisst með lestur, ritun, talað mál og hlustun á heildstæðan hátt. Lagt er til að nemendur fái þjálfun í að ræða um það sem þeir hlusta á og lesa sjálfir, bæði efnislega og einstök hugtök.

Grunnlestraraðferð skólans er hljóðaaðferð en hugmyndir úr öðrum kennsluaðferðum eru einnig nýttar. Þegar hljóðaaðferð er beitt er byrjað að kenna stafi og hljóð. Hver stafur hefur sitt hljóð, næsta skref er að tengja saman hljóðin og mynda með þeim mælt mál sem felur í sér orð og síðan setningar. Lestur er ekki einangrað fyrirbrigði í upphafi lestrarkennslu því auk hans eru þættir eins og mál og málþroski ákaflega mikilvægir fyrir lestrarnámið. Nemendur þurfa að fá þau skilaboð frá kennurum sínum að lestrarnám tekur mislangan tíma og að það sé fullkomlega eðlilegt. Sérhver nemandi fær tækifæri til að bæta sig í takt við þá námshæfni sem hann býr að. Kennarar leggja sitt af mörkum til að koma í veg fyrir að tilfinningalegir örðugleikar þróist hjá barni með slaka lestrarfærni. Þá verði foreldrum/forráðmönnum leiðbeint hvernig þeir geti best aðstoðað börn sín.

Notast er við margs konar aðferðir til að þjálfa þessa þætti hjá nemendum og má þar nefna spil, leiki, samlestur, paralestur, myndasögur og ýmis kennsluforrit. Mjög mikilvægt er að allir nemendur lesi upphátt í skóla og heima á hverjum degi. Nemendur eru með kvittunarbók þar sem kennari og foreldri kvitta fyrir lestri nemandans.

Með námsmati er fylgst með því hvernig nemendum tekst að ná almennum hæfniviðmiðum aðalnámskrár. Nýtt er matstæki frá menntamálastofnun sem heitir Lesferill sem gefur góða mynd af stöðu nemandans með lesfimiprófum, sjónrænum orðaforða, orðleysuprófum og nefnuhraðaprófum. Í 1. bekk er lögð fyrir skimun frá Menntamálastofnun sem kallast lestrarskimun fyrir 1. bekk. Þetta er ný skimun sem fylgir breyttum áherslum í lestrarkennslu. Þar eru forspárþættir varðandi lestrarerfiðleika athugaðir. Bæði stafabekking og hljóðkerfisvitund geta gefið vísbendingar um erfiðleika. Brugðist er við niðurstöðum og veita þeim þjónustu sem miðar að því að þeir taki framförum út frá eigin stöðu. Ef nemandi er ágætlega læs kann hann stafina og því óþarft að leggja þá inn. Ef nemandi á í vandræðum með að fylgja hraða stafainnlagnar þarf hann frekari þjálfun og vinnur með stafina og hljóðkerfisvitund

1. bekkur -lestur

Hæfniviðmið

- Að nemandi læri heiti og hljóð allra bókstafa
- Að nemandi læri að tengja hljóðin (stafina) þ.e að hljóða
- Að nemandi geti lesi efni tengt getu og áhuga
- Að nemandi hafi ánægju af lestri og hlustun

Viðmið um leshraða í maí

- Metnaðarfull viðmið 75 orð á mínútu – 25% nemenda
- Almenn viðmið 55 orð á mínútu – 50% nemenda
- Lámærsviðmið 20 orð á mínútu – 90% nemenda

Kennsluaðferðir

- Við lestrarkennsluna er unnið eftir hljóðaaðferð
- Heimalestur daglega sem foreldrar skrá og kennarar fylgjast með
- Ritun þrjú orð úr texta sem nemendur lesa
- Nemandi les fyrir kennara 3 - 5 sinnum í viku, kennari skráir lesturinn
- Unnið með aðferðafræði Leið til læsis
- Yndislestur 10-15 mínútur, 2-3 sinnum í viku á vorönn
- K-Pals í bekk
- Lestrarsprettir 2x yfir veturinn að hausti og vori
- Sögufléttan
- Lesið er fyrir nemendur í nestistímum, framhaldssaga eða hlustað á hljóðbók.
- Sumarlestur
- Byrjendalæsi

Tillögur að námsefni

- Léttlestrarbækur og vinnubækur
- Lestrartextar við hæfi
- Lestrlandið + vinnubók
- Bækur af bókasafni
- Við lesum A
- Tölvuforrit
- Stafahúsið (bókstafir og tengileikni)
- Orðagull
- Hljóðasmiðjur Lubba
- Verkefni úr verkefnabanka *Leiðar til læsis*
- Markmiss málörvun
- Ljáðu mér eyra
- Tölum saman
- Vinnubækur með lestrarbókum

Matstæki

- Regluleg stafakönnun allt skólaárið
- Lesskimun fyrir fyrsta bekk í október til að staðsetja stöðu hvers og eins
- Lesferill, nefnuhraðapróf í október
- Lesferill, lesfimirpróf í sept. jan. og maí. Í september er prófið aðeins lagt fyrir læsa nemendur.
- Lessferill, hliðarpróf (sjónrænn orðaforði, orðleysur) sept. jan. og maí (lagt fyrir þá sem geta lesið í september)
- Markviss skráning kennara í lesferil og í lestraskjal

Úrræði

- Ráðgjöf hjá sérkennara
- Einstaklingsáætlun
- Nemendur sem lenda í áhættuhópi í lesskimunarprófi fá verkefnapakka bæði heim og í skóla
- Snemmtæk íhlutun, skimanir, stuðningur og sérkennsla
- Eftirfylgd með foreldrum (leið til læsis)

1. bekkur -lesskilningur

Hæfniviðmið

- Að nemandi verði fær um að lesa léttan texta, vísur og ljóð,
- Að nemandi geti lesið sér til fróðleiks og skemmtunar
- Að nemandi geti unnið verkefni úr lesnum texta eða eftir hlustun
- Að nemandi kynnist hugtökum eins og t.d höfundur og sögupersóna
- Að nemandi fái lesefni við hæfi og auki orðaforða sinn

Viðmið

- 85 -100% Metnaðarfull viðmið
- 65 - 84% Almenn viðmið
- 50 - 64% Lágmarksviðmið
- 0 - 49% Viðmiðum ekki náð

Kennsluaðferðir

- Heimalestur 5 daga vikunnar
- Daglega hlustað á framhaldssögu, hún rædd og nemendur spurðir út í efnið
- Lestur ólíkra texta og verkefni tengd þeim
- Hlustunaræfingar og verkefni tengd þeim
- Yndislestur 10-15 mínútur, 2-3 sinnum í viku á vorönn
- K-PALS
- Orð af orði, t.d hugtakakort, krossglíma ofl.
- Byrjendalæsi
- Leið til læsis

Tillögur að námsefni

- Markviss málörvun
- Orðagull
- Lestralandið með vinnubók
- Leggðu við hlustir
- Vinnubækur með lestrarbókum
- Textar af skólavefnum
- Verkefni frá kennara
- Yndislestrabækur af bókasafni

Matstæki

- Hlustunarpróf
- Lesskilningspróf
- Markviss skráning kennara á árangri nemenda

Úrræði

- Ráðgjöf og stuðningur sérkennara
- Ráðleggingar kennara til foreldra varðandi heimalestur

2. bekkur -lestur

Hæfniviðmið

- Að nemendi tengi saman hljóð (stafi) þ.e. að hljóða
- Að nemandi lesi efni tengt getu og áhuga
- Að nemandi hafi ánægju af lestri og hlustun

Viðmið um lestrarhraða í maí

- Metnaðarfull viðmið 100 orð á mínútu – 25% nemenda
- Almenn viðmið 85 orð á mínútu – 50% nemenda
- Lágmarksviðmið 40 orð á mínútu – 90% nemenda

Kennsluaðferðir

- Við lestrarkennsluna er unnið eftir hljóðaaðferð
- Heimalestur daglega sem foreldrar skrá og kennarar fylgjast með
- Ritun, ein setning úr texta sem nemendur lesa
- Nemandi les fyrir kennara 3 - 5 sinnum í viku, kennari skráir lesturinn
- Aðferðafræði *Leið til læsis*
- Yndislestur 10-15 mínútur, 2-3 sinnum í viku
- Pals í bekk
- Lestrarsprettir 2x yfir veturinn, að hausti og vori
- Lesin er fyrir nemendur í nestistímum framhaldssaga eða hlustað á hljóðbók.
- Byrjendalæsi
- Orð af orði
- Sögufléttan
- Sumarlestur

Tillögur að námsefni

- Lestrartextar við hæfi
- Bækur úr bókakassa
- Bækur af bókasafni
- Vinnubækur með lestrarbókum
- Tölvuforrit
- Náms efni frá kennara

Matstæki

- Lesferill lesfimiþróf í sept. jan. og maí.
- Lesferill- nefnuhraðapróf, sjónrænn orðaforði og orðleysur í sept. jan. og maí.
- Markviss skráning kennara í lesferil og í lestraskjal

Úrræði

- Ráðgjöf hjá sérkennara
- Lestrarnámskeið
- Einstaklingsáætlun fyrir þá sem ekki ná lágmarksviðmiðum í leshraða
- Lestraráttak með tímatöku

2. bekkur -lesskilningur

Hæfniviðmið

- Að nemandi hafi ánægju og gagn af lestri og hlustun
- Að nemandi lesi efni tengt getu og áhuga
- Að nemandi geti svarað spurningum úr lesnum texta eða eftir hlustun
- Að nemandi geti greint aðalatriði úr texta og dregið ályktanir
- Að nemendi fái lesefni við hæfi og auki orðaforða sinn
- Að nemandi þjálfist í að tengja það sem hann les við kunnáttu sem hann hefur

Viðmið

- 85 -100% Metnaðarfull viðmið
- 65 - 84% Almenn viðmið
- 50 - 64% Lágmarksviðmið
- 0 - 49% Viðmiðum ekki náð / nemandi þarf einstaklingsáætlun

Kennsluaðferðir

- Heimalestur 5 daga vikunnar
- Daglega er hlustað á framhaldssögu, hún rædd og nemendur spurðir út í efnistöð
- Lestur ólíkra texta og verkefni tengd þeim (þjóðsögur, smásögur, fræðitexti, fornsögur, goðasögur, ævintýri og ljóð)
- Hlustunaræfingar og verkefni tengd þeim
- Yndislestur 10-15 mínútur, 2-3 sinnum í viku
- Byrjendalæsi
- Orð af orði t.d hugtakakort, krossglíma ofl.
- Leið til læsis
- PALS

Tillögur að námsefni

- Verkefni frá kennara tengd lesskilningi
- Efni af skólavefnum
- Vinnubækur með lestrarefni

Matstæki

- Símat skilnings með ólíkum textum, hér er átt við bæði lesskilning og hlustunarskilning.
- Stöðupróf fyrir 2. bekk á Skólavefnum

Úrræði

- Ráðgjöf hjá sérkennara
- Lesskilningsnámskeið
- Einstaklingsáætlun
- Ráðleggingar kennara til foreldra varðandi heimalestur

3. bekkur -lestur

Hæfniviðmið

- Að nemandi auki lestrarhraða
- Að nemendi hafi ánægju af lestri og hlustun
- Að nemandi geti lesi efni tengt getu og áhuga
- Að nemandi geti lesið eftir greinarmerkjum
- Að nemandi þjálfist í framsögn

Viðmið um lestrarhraða í maí

- Metnaðarfull viðmið 120 orð á mínútu – 25% nemenda
- Almenn viðmið 100 orð á mínútu – 50% nemenda
- Lágmarksviðmið 55 orð á mínútu – 90% nemenda

Kennsluaðferðir

- Heimalestur 5 daga vikunnar
- Nemandi skrifar eina setningu á dag úr lesefni dagsins
- Nemandi les fyrir kennara 3 - 5 sinnum í viku, kennari skráir lestur
- Flutningur á eigin texta (sögur) í pontu
- Yndislestur í 20 mín 4x í viku
- Lestrarsprettir 2 sinnum yfir veturinn að hausti og vori
- Aðferðafræði *Leið til læsis*
- Lesin er fyrir nemendur í nestistímum framhaldssaga eða hlustað á hljóðbók.
- Byrjendalæsi
- Orð af orði
- Ritun, unnið með Sögufléttuna a.m.k. 1x í viku
- Sumarlestur

Tillögur að námsefni

- Lestrartextar við hæfi
- Bækur úr bókakassa
- Bækur af bókasafni
- Mínútspjöld
- Tölvuforrit
- Námsefni frá kennara

Matstæki

- Lesferill, lesfimipróf í sept. jan. og maí
- Lesferill, nefnuhraðapróf, sjónrænnorðaförði og orðleysur í sept. jan. og maí
- Markviss skráning kennara í verkefnabók og í lestraskjal
- Logos lestraskimun í jan

Úrræði

- Ráðgjöf hjá sérkennara
- Lestrarnámskeið
- Einstaklingsáætlun
- Verkefnapakkar vegna viðbragða við leið til læsis
- LOGOS skimunum
- Lestraátak með tímatöku

3. bekkur -lesskilningur

Hæfniviðmið

- Að nemandi hafi ánægju og gagn af lestri og hlustun
- Að nemandi geti lesi efni tengt getu og áhuga
- Að nemandi auki hæfni sína til þess að lesa sér til skilnings
- Að nemendi geti svarað spurningum úr lesnum texta eða eftir hlustun
- Að nemandi geti greint aðalatriði úr texta og dregið ályktanir út frá honum
- Að nemandi þjálfist í að tengja það sem hann les við þá kunnáttu sem hann hefur fyrir
- Að nemendi auki hæfni til náms

Viðmið

- 85 -100% Metnaðarfull viðmið
- 65 - 84% Almenn viðmið
- 50 - 64% Lágmarksviðmið
- 0 - 49% Viðmiðum ekki náð

Kennsluaðferðir

- Heimalestur 5 daga vikunnar
- Daglega hlustað á framhaldssögu, hún rædd og nemendur spurðir út í efnistöð
- Hlustunaræfingar og verkefni tengd þeim
- Yndislestur í 20 mín 4x í viku
- PALS/Gagnvirkur lestur
- Byrjendalæsi
- Orð af orði t.d hugtakakort, krossglíma ofl.
- Leið til læsis

Tilögur að námsefni

- Efni af skólavefnum
- Textar úr samræmdum prófum fyrri ára
- Verkefni frá kennara

Matstæki

- Orðarún – okt. og mars
- Lesskilningspróf á haustönn – sept. nóv. og des.
- Lesskilningspróf á vorönn – jan. mars og maí
- Markviss skráning kennara á árangri nemenda
- Logos lestraskimun í jan. og frekari eftirfylgni ef þurfa þykir

Úrræði

- Ráðgjöf hjá sérkennara
- Lesskilningsnámskeið
- Ráðleggingar kennara til foreldra varðandi heimalestur
- Einstaklingsáætlun
- Lestrarnámskeið í kjölfar LOGOS skimana

Lestrarkennsla í 4. bekk lestur

Hæfniviðmið

- Að nemandi auki lestrarhraða
- Að nemandi hafi ánægju af lestri og hlustun
- Að nemandi geti lesið efni í samræmi við getu og áhuga
- Að nemandi geti lesið texta skýrt og áheyrilega

Viðmið um lestrarhraða í maí

- Metnaðarfull viðmið 145 orð á mínútu – 25% nemenda
- Almenn viðmið 120 orð á mínútu – 50% nemenda
- Lágmarksviðmið 80 orð á mínútu – 90% nemenda

Kennsluaðferðir

- Heimalestur 5 daga vikunnar.
- Nemandi skrifar eina setningu á dag úr lefni dagsins
- Nemandi les fyrir kennara 3 - 5 sinnum í viku, kennari skráir lesturinn
- Flutningur á eigin texta og textum annarra í ræðustól
- Nemendur taka þátt í *Litlu upplestrarkeppninni*
- Yndislestur í 20 mín 4 sinnum í viku
- Lestrarsprettir 2 sinnum yfir veturinn, að hausti og að vori
- Spurningakeppni miðstigs þar sem nemendur lesa valdar bækur
- Lesin er framhaldssaga fyrir nemendur í nestistímum eða hlustað á hljóðbók
- Byrjendalæsi
- Orð af orði
- Ritun, unnið með Sögufléttuna a.m.k. 1 sinni í viku

Tilögur að námsefni

- Lestrartextar við hæfi
- Bækur úr bókakassa
- Mínútuspjöld
- Bækur af bókasafni
- Tölvuforrit
- Náms efni frá kennara
- Textar til upplestrar í tengslum við *Litlu upplestrarkeppnina*

Matstæki

- Lesfimiþróf lesferils í sept. jan. og maí, oftast ef þörf er á
- Markvisskráning kennara á lestrarframvindu nemanda í lesferil hans
- Nemendur fara í framsagnarþróf í jan. og í maí
- Sértek þróf ef grunur er um lestrarvanda

Úrræði

- Ráðgjöf hjá sérkennara
- Einstaklingsáætlun í lestri ef nemandi nær ekki lágmarksviðmiðum
- Lestrarnámskeið
- Lesátak með tímatöku

Lestrarkennsla í 4. bekk lesskilningur

Hæfniviðmið

- Að nemendi lesi sér til gagns og ánægju
- Að nemandi geti svarað spurningum úr lesnum texta eða eftir hlustun
- Að nemandi geti greint aðalatriðið úr lesnum texta og dregið ályktun af honum

Viðmið

- 85 - 100% Metnaðarfull viðmið
- 65 - 84% Almenn viðmið
- 50 - 64% Lágmarksviðmið
- 0 - 49% Viðmiðum ekki náð

Kennsluaðferðir

- Heimalestur 5 daga vikunnar
- Daglega hlustað á framhaldssögu, hún rædd og nemendur spurðir um efnistöð
- Lestur fjölbreyttra texta og verkefni í samræmi
- Hlustunaræfingar með verkefnum
- Yndislestur í 20 mín 4 sinnum í viku
- Markviss skráning kennara á árangri nemanda í lesferil hans
- PALS/Gagnvirkur lestur
- *Orð af orði* t.d hugtakakort, krossglíma ofl.
- Vinna með málshætti
- Byrjendalæsi

Tilögur að námsefni

- Efni af skólavef, t.d *Lestrarkassinn*, *Hugarflug* auk samræmdra prófa
- Vefsíðan www.hlusta.is
- Bækur til undirbúnings fyrir spurningakeppni miðstigs
- Verkefni frá kennara
- *Fágæti og furðuverk*
- *Blómin á þakinu*

Matstæki

- Samræmd próf í september
- Orðarún í okt. og mars
- Orðalykill
- Lesskilningspróf haustönn í sept. nóv./des.
- Lesskilningspróf á vorönn í jan. mars og maí

Úrræði

- Ráðgjöf hjá sérkennara
- Lesskilningsnámskeið
- Einstaklingsáætlun í lesskilningi ef nemandi nær ekki lágmarksviðmiðum

Lestrarkennsla í 5. bekk -lestur

Hæfniviðmið

- Að nemandi auki lestrarhraða
- Að nemandi hafi ánægju af lestri og hlustun
- Að nemandi geti lesið efni í samræmi við getu og áhuga
- Að nemandi geti lesið texta skýrt og áheyrilega

Viðmið um lestrarhraða í maí

- Metnaðarfull viðmið 160 orð á mínútu – 25% nemenda
- Almenn viðmið 140 orð á mínútu – 50% nemenda
- Lágmarksviðmið 90 orð á mínútu – 90% nemenda

Kennsluaðferðir

- Heimalestur 5 daga vikunnar.
- Nemandi les fyrir kennara 3 - 5 sinnum í viku, kennari skráir lesturinn
- Flutningur á eigin texta og textum annarra í ræðustól
- Yndislestur í 20 mín 4 sinnum í viku
- Lestrarsprettir 2 sinnum yfir veturinn, að hausti og að vori
- Spurningakeppni miðstigs þar sem nemendur lesa valdar bækur
- Lesin er framhaldssaga fyrir nemendur í nestistímum eða hlustað á hljóðbók
- Orð af orði
- Ritun, unnið með Sögufléttuna a.m.k. 1 sinni í viku
- Skrifa ritgerð út frá kvikmynd sem nemendur horfa á/ dagbókarskrif

Tillögur að námsefni

- Lestrartextar við hæfi
- Bækur úr bókakassa
- Mínútuspjöld
- Bækur af bókasafni
- Tölvuforrit
- Námsgagnir frá kennara

Matstæki

- Lesfimiþróf lesferils í sept. jan. og maí, oftast ef þörf er á
- Markvisskráning kennara á lestrarframvindu nemanda í lesferil hans
- Nemendur fara í framsagnarþróf í jan. og í maí
- Sértek þróf ef grunur er um lestrarvanda

Úrræði

- Ráðgjöf hjá sérkennara
- Einstaklingsáætlun í lestri ef nemandi nær ekki lágmarksviðmiðum
- Lestrarnámskeið
- Lesátak með tímatöku

Lestrarkennsla í 5. bekk -lesskilningur

Hæfniviðmið

- Að nemendi lesi sér til gagns og ánægju
- Að nemandi geti svarað spurningum úr lesnum texta eða eftir hlustun
- Að nemandi geti greint aðalatriðið úr lesnum texta og dregið ályktun af honum

Viðmið

- 85 -100% Metnaðarfull viðmið
- 65 - 84% Almenn viðmið
- 50 - 64% Lágmarksviðmið
- 0 - 49% Viðmiðum ekki náð

Kennsluaðferðir

- Heimalestur 5 daga vikunnar
- Daglega hlustað á framhaldssögu, hún rædd og nemendur spurðir um efnistöð
- Lestur fjölbreyttra texta og verkefni í samræmi
- Hlustunaræfingar með verkefnum
- Yndislestur í 20 mín 4 sinnum í viku
- Markviss skráning kennara á árangri nemanda í lesferil hans
- PALS/Gagnvirkur lestur
- *Orð af orði* t.d hugtakakort, krossglíma ofl.
- Vinna með málshætti

Tillögur að námsefni

- Efni af skólavef, t.d *Lestrarkassinn*, *Hugarflug* auk samræmdra prófa
- Vefsíðan www.hlusta.is
- Bækur til undirbúnings fyrir spurningakeppni miðstigs
- Verkefni frá kennara
- Bækur af bókasafni
- Benjamín Dúfa heilstætt verkefni og ritgerð

Matstæki

- Samræmd próf í september
- Orðarún í okt. og mars
- Orðalykill
- Lesskilningspróf haustönn í sept. nóv./des.
- Lesskilningspróf á vorönn í jan. mars og maí

Úrræði

- Ráðgjöf hjá sérkennara
- Lesskilningsnámskeið
- Einstaklingsáætlun í lesskilningi ef nemandi nær ekki lágmarksviðmiðum

Lestrarkennsla í 6. bekk –lestur

Hæfniviðmið

- Að nemandi auki lestrarhraða
- Að nemandi hafi ánægju af lestri og hlustun
- Að nemandi geti lesið efni í samræmi við getu og áhuga
- Að nemandi geti lesið texta skýrt og áheyrilega

Viðmið um lestrarhraða í maí

- Metnaðarfull viðmið 175 orð á mínútu – 25% nemenda
- Almenn viðmið 155 orð á mínútu – 50% nemenda
- Lágmarksviðmið 105 orð á mínútu – 90% nemenda

Kennsluaðferðir

- Heimalestur 5 daga vikunnar.
- Nemandi les fyrir kennara 3 - 5 sinnum í viku, kennari skráir lesturinn
- Flutningur á eigin texta og textum annarra í ræðustól
- Yndislestur í 20 mín 4 sinnum í viku
- Lestrarsprettir 2 sinnum yfir veturinn, að hausti og að vori
- Spurningakeppni miðstigs þar sem nemendur lesa valdar bækur
- Lesin er framhaldssaga fyrir nemendur í nestistímum eða hlustað á hljóðbók
- Orð af orði
- Ritun, unnið með Sögufléttuna a.m.k. 1 sinni í viku
- Kjörbókarritgerð

Tilögur að námsefni

- Lestrartextar við hæfi
- Mínútuspjöld
- Lesfimiæfingar
- Kjörbækur í ritgerðarvinnu
- Bækur af bókasafni
- Tölvuforrit
- Námsefni frá kennara

Matstæki

- Lesfimiþróf lesferils í sept. jan. og maí, oftast ef þörf er á
- Markvisskráning kennara á lestrarframvindu nemanda í lesferil hans
- Nemendur fara í framsagnarþróf í jan. og í maí
- Sértek þróf ef grunur er um lestrarvanda

Úrræði

- Ráðgjöf hjá sérkennara
- Einstaklingsáætlun í lestri ef nemandi nær ekki lágmarksviðmiðum
- Lestrarnámskeið
- Lesátak með tímatöku

Lestrarkennsla í 6. bekk lesskilningur

Hæfniviðmið

- Að nemendi lesi sér til gagns og ánægju
- Að nemandi geti svarað spurningum úr lesnum texta eða eftir hlustun
- Að nemandi geti greint aðalatriðið úr lesnum texta og dregið ályktun af honum

Viðmið

- 85 -100% Metnaðarfull viðmið
- 65 - 84% Almenn viðmið
- 50 - 64% Lágmarksviðmið
- 0 - 49% Viðmiðum ekki náð

Kennsluaðferðir

- Heimalestur 5 daga vikunnar
- Daglega hlustað á framhaldssögu, hún rædd og nemendur spurðir um efnistöð
- Lestur fjölbreyttra texta og verkefni í samræmi
- Hlustunaræfingar með verkefnum
- Yndislestur í 20 mín 4 sinnum í viku
- Markvisskráning kennara á árangri nemanda í lesferil hans
- PALS/Gagnvirkur lestur
- *Orð af orði* t.d. hugtakakort, krossglíma ofl.
- Vinna með málshætti

Tillögur að námsefni

- Efni af skólavef, t.d. *Lestrarkassinn*, *Hugarflug* auk samræmdra prófa
- Vefsíðan www.hlusta.is
- Bækur af bókasafni
- Bækur til undirbúnings fyrir spurningakeppni miðstigs
- Verkefni frá kennara

Matstæki

- Samræmd próf í september
- Orðarún í okt. og mars
- Orðalykill
- Lesskilningspróf haustönn í sept. nóv./des.
- Lesskilningspróf á vorönn í jan. mars og maí

Úrræði

- Ráðgjöf hjá sérkennara
- Lesskilningsnámskeið
- Einstaklingsáætlun í lesskilningi ef nemandi nær ekki lágmarksviðmiðum

Lestrarkennsla í 7. bekk lestur

Hæfniviðmið

- Að nemandi auki lestrarhraða
- Að nemandi velji efni tengt getu og áhuga
- Að nemandi þjálfist í framsögn – æfingar fyrir *Stóru upplestrarkeppni grunnskóla*
- Að nemandi geti lesið úr myndritum

Viðmið um lestrarhraða í maí

- Metnaðarfull viðmið 190 orð á mínútu – 25% nemenda
- Almenn viðmið 165 orð á mínútu – 50% nemenda
- Lágmarksviðmið 120 orð á mínútu – 90% nemenda

Kennsluaðferðir

- Heimalestur daglega
- Nemandi les fyrir kennara/stuðningsfulltrúa 2 - 3 sinnum í viku
- Flutningur á eigin texta og textum annarra úr ræðustól
- Yndislestur 4 sinnum í viku 20 mín. í senn
- Lestur ólíkra texta, t.d. smásögur, fræðitextar, fornsögur, þjóðsögur, ævintýri og ljóð
- Upplestur og framsagnaræfingar
- PALS/Gagnvirkur lestur
- Orð af orði
- Lestraráttak á hvorri önn
- Kjörbókarritgerð

Tillögur að námsefni

- Bækur af bókasafni
- Lesefni af vef, t.d. Skólavefurinn og nams.is
- Snorra saga
- Efni frá kennara - Stóra upplestrarkeppnin
- Kjörbækur í ritgerðarvinnu
- Bókakynningar
- Djöflaeyjan

Matstæki

- Lesferill lesfimiþróf í sept-jan. og -maí.- Oftar ef þörf þykir
- Framsagnarþróf í maí
- Markvisskráning kennara á lestrarframvindu nemenda
- Sértek þróf ef grunur er um lestrarvanda
- Framsagnapróf í jan og maí, allir nemendur

Úrræði

- Ráðgjöf hjá sérkennara
- Hljóðbækur
- Lesátak með tímatöku

Lestrarkennsla í 7. bekk lesskilningur

Hæfniviðmið

- Að nemendi lesi sér til gagns og ánægju
- Að nemandi geti svarað spurningum úr lesnum texta, kvikmyndum eða eftir hlustun
- Að nemandi geti greint aðalatriði úr lesnum texta og dregið ályktun af honum

Viðmið

- 85 -100% Metnaðarfull viðmið
- 65 - 84% Almenn viðmið
- 50 - 64% Lágmarksviðmið
- 0 - 49% Viðmiðum ekki náð

Kennsluaðferðir

- Heimalestur daglega
- Lestur ólíkra texta og verkefni tengd þeim
- Hlustunaræfingar og verkefni tengd þeim
- Gagnvirkur lestur
- Orð af orði

Tilögur

- Horft á kvikmynd og unnin verkefni, t.d Bjarnfreðarson, Hafið, Djöflaeyjan
- Bækur af bókasafni
- Fornögur t.d Snorrasaga

að

- Lesefni af vef. t.d. Skólavefurinn.is og Nams.is
- Hlusta.is - 4. stig

námsefni

Matstæki

- Samræmd próf í september
- Orðarún – okt. og mars
- Orðalykill
- Lesskilningspróf haustönn – sept., nóv./des
- Lesskilningspróf vorönn - feb, apr/maí

Úrræði

- Ráðgjöf hjá sérkennara
- Hljóðbækur
- Ráðgjöf frá Skólaskrifstofu

Lestrarkennsla í 8. bekk lestur og lesskilningur

Hæfniviðmið

- Að nemandi auki lestrarhraða
- Að nemandi lesi efni tengt getu og áhuga
- Að nemandi þjálfist í framsögn
- Að nemandi geti lesið úr myndritum
- Að nemandi greini aðalatriði úr texta og dragi ályktanir af honum
- Að nemendi lesi sér til gagns og ánægju
- Að nemandi geti svarað spurningum úr lesnum texta, kvikmyndum eða eftir hlustun

Viðmið um lestrarhraða í maí

- Metnaðarfull viðmið 210 orð á mínútu – 25% nemenda
- Almenn viðmið 180 orð á mínútu – 50% nemenda
- Lágmarksviðmið 130 orð á mínútu – 90% nemenda

Viðmið í lesskilningi

- 85 -100% Metnaðarfull viðmið
- 65 - 84% Almenn viðmið
- 50 - 64% Lágmarksviðmið
- 0 - 49% Viðmiðum ekki náð

Kennsluaðferðir

- Heimalestur daglega - nemandi heldur lestrardagbók.
- Yndislestur 20 mín 3 sinnum í viku
- Orð af orði
- Gagnvirkur lestur
- Lestur ólíkra texta sem fylgja námsefninu t.d. skáldsögur, smásögur, fornsögur, goðsögur, þjóðsögur, ævintýri og ljóð
- Flutningur á eigin texta og textum annarra í ræðustól

Tilögur að námsefni

- Kjalnesingasaga
- Skólavefurinn.is
- Fjölbreytt verkefni í lesskilningi
- Nútímabókmenntir, Anna frá Stóruborg

Matstæki

- Lesferill lesfimiþróf í sept.-jan.-maí.- Oftar ef þörf þykir
- Framsagnarþróf í jan og maí
- Markviss skráning kennara á lestrarframvindu nemanda
- Orðarún
- 10% einkun fyrir skil á kvittunarbók
- Lesskilningsþróf
- Logos

Úrræði

- Ráðgjöf hjá sérkennara
- Ráðgjöf frá Skólaskrifstofu
- Hljóðbækur
- Leshraðaæfingar

Lestrarkennsla í 9. bekk lestur og lesskilningur

Hæfniviðmið

- Að nemandi auki lestrarhraða
- Að nemandi lesi efni tengt getu og áhuga
- Að nemandi þjálfist í framsögn
- Að nemandi geti lesið úr myndritum
- Að nemandi greini aðalatriði úr texta og dragi ályktanir af honum
- Að nemendi lesi sér til gagns og ánægju
- Að nemandi geti svarað spurningum úr lesnum texta, kvikmyndum eða eftir hlustun

Viðmið um lestrarhraða í maí

- Metnaðarfull viðmið 210 orð á mínútu – 25% nemenda
- Almenn viðmið 180 orð á mínútu – 50% nemenda
- Lágmarksviðmið 140 orð á mínútu – 90% nemenda

Viðmið í lesskilningi

- 85 -100% Metnaðarfull viðmið
- 65 - 84% Almenn viðmið
- 50 - 64% Lágmarksviðmið
- 0 - 49% Viðmiðum ekki náð

Kennsluaðferðir

- Heimalestur daglega – nemandi heldur lestrardagbók.
- Yndislestur 20 mín 3 sinnum í viku
- Orð af orði
- Gagnvirkur lestur
- Lestur ólíkra texta sem fylgja námsefninu t.d. skáldsögur, smásögur, fornsögur, goðsögur, þjóðsögur, ævintýri og ljóð
- Flutningur á eigin texta og textum annarra úr ræðustól

Tillögur að námsefni

- Fornsaga Laxdæla
- Fjölbreytt verkefni í lesskilningi
- Skolavefurinn.is
- Nútímabókmenntir Afdalabarn

Matstæki

- Lesferill lesfimiþróf í sept.-jan.-maí.- Oftar ef þörf þykir
- Framsagnarþróf í jan og maí
- Markviss skráning kennara á lestrarframvindu nemanda
- 10% einkunn fyrir skil á kvittunarbók
- Lesskilningsþróf
- Sérþæk þróf ef grunur er um lestrarvanda
- Samræmd þróf

Úrræði

- Ráðgjöf hjá sérkennara
- Hljóðbækur

Lestrarkennsla í 10. bekk lestur og lesskilningur

Hæfniviðmið

- Að nemandi auki lestrarhraða
- Að nemandi þjálfist í framsögn
- Að nemandi geti lesið úr myndritum
- Að nemandi greini aðalatriði úr texta og dragi ályktanir af honum
- Að nemendi lesi sér til gagns og ánægju
- Að nemandi geti svarað spurningum úr lesnum texta, kvikmyndum eða eftir hlustun

Viðmið um lestrarhraða í maí

- Metnaðarfull viðmið 210 orð á mínútu – 25% nemenda
- Almenn viðmið 180 orð á mínútu – 50% nemenda
- Lágmarksviðmið 145 orð á mínútu – 90% nemenda

Viðmið í lesskilningi

- 85 -100% Metnaðarfull viðmið
- 65 - 84% Almenn viðmið
- 50 - 64% Lágmarksviðmið
- 0 - 49% Viðmiðum ekki náð

Kennsluaðferðir

- Heimalestur daglega - nemandi heldur lestrardagbók
- Yndislestur í 20 mínútur 3 sinnum í viku
- Lestur ólíkra texta sem fylgja námsefninu t.d. skáldsögur, smásögur, fornsögur, goðsögur, þjóðsögur, ævintýri og ljóð
- Hlustunaræfingar
- Flutningur á eigin texta og textum annarra í ræðustól
- Orð af orði
- Gagnvirkur lestur

Tillögur að námsefni

- Fornsaga, Gísla saga Súrssonar
- Skolavefurinn.is
- Fjölbreytt verkefni í lesskilningi
- Nútímabókmenntir; Englar alheimsins

Matstæki

- Lesferill lesfimiþróf í sept,-jan,-maí, oftast ef þörf þykir
- Framsagnarþróf í jan. og maí
- Markviss skráning kennara á lestrarframvindu nemanda
- 10% einkunn fyrir skil á kvittunarbók
- Lesskilningsþróf
- Sérþæk þróf ef grunur er um lestrarvanda

Úrræði

- Ráðgjöf hjá sérkennara
- Ráðgjöf frá Skólaskrifstofu
- Hljóðbækur

Próf og mælitæki

Skimanir og stöðupróf Menntamálastofnunar

Við námsmat í lestri eru notuð stöðluð lesfimiþróf frá Menntamálastofnun. Prófin eru aldursmiðuð og eru mælikvarði til kanna framvindu lestrarnáms. Þessi próf eru skráð inn í Lesferill sem unnið er af læsisteymi Menntamálastofnunar. Prófin taka mið af Aðalnámskrá grunnskóla.

Matstækinu er ætlað að meta grunnþætti læsis s.s. lesfimi, lesskilning, ritun, orðaforða og málskilning. Niðurstöður sýna árangur nemanda og hvar hann stendur miðað við jafnaldra. Lesfimi er mæld í lesnum orðafjölda á mínútu. Nemendur lesa upphátt samfelldan texta fyrir kennara í einrúmi í tvær mínútur. Nemendur í 1.-10. bekk taka þrjú lesfimiþróf á hverju skólaári. Niðurstöður gefa einnig til kynna hvar nemandi stendur miðað við jafnaldra á landsvísu. Að auki leggur umsjónakennari fyrir alla nemendur í 1.-3. bekk stöðluð próf sem meta sjónrænan orðaforða, orðleysulestur og nefnuhraða. Hægt er að nýta þessi hliðarpróf fyrir nemendur í efri bekkjum ef ástæða þykir.

Sjónrænn orðaforði metur orðaforða sem nemandinn þekkir án þess að þurfa að raða saman öllum hljóðum orðsins (hljóða sig í gegnum það). Nemandinn getur ekki lesið af samhengi texta við lestur stakra orða.

Orðleysupróf gerir þær kröfur að nemandinn þarf að beita hljóðaaðferðinni til að lesa sig í gegnum orðleysur eða bullorð.

Nefnuhraði er til að kanna hversu hratt nemandi getur kallað fram hljóðrænar upplýsingar óháð hljóðvitund eða stafabekkingu. Nefnuhraði hefur forspárgildi varðandi lestur.

Lesið má nánar um Lesfimi með því að smella á hlekkinn hér fyrir neðan:

https://mms.is/sites/mms.is/files/lesfimidmid_mms.pdf

Lestrarskimun fyrir fyrsta bekk

Lestrarskimun fyrir fyrsta bekk er titill á nýju mats- og stuðningskerfi í lestrarkennslu, ætlað kennurum á yngsta stigi grunnskóla.

Það samastendur af **Lesskimunarprófi** sem lagt er fyrir að hausti í 1. bekk, þar sem prófaðir eru þættir sem leggja grunn að lestrarnámi sem eru:

- Málskilningur og orðaforði
- Bókstafa og hljóðþekking
- Hljóðkerfis- og hljóðavitund.

Lesskimunarprófið kannar hversu vel nemendur eru í stakk búnir að takast á við lestrarnám áður en eiginleg lestrarkennsla hefst að hausti í 1. bekk. Niðurstöður gefa vísbendingar um styrkleika og veikleika í nemendahópnum. Það veitir einnig upplýsingar um nemendur sem gætu verið í áhættu með að lenda í erfiðleikum við lestrarnám, s.s. vanda við umskráningu og lesskilning.

Lesskimunarprófinu fylgir **Handbók** með leiðbeiningum um fyrirlögn og kennslu.

Í kennsluleiðbeiningum er bent á leiðir sem byggja á niðurstöðu skimunarprófsins. Þetta gerir kennurum kleift að bregðast við með ólíkum hætti eftir birtingu styrk- og veikleikum nemenda í hverjum þessara færnipátta. Leiðbeiningar og hugmyndir um kennslu byggja á raunprófuðum kennsluaðferðum í anda hugmyndafræði um snemmtæka íhlutun við lestrarerfiðleikum.

Orðarún

Lesskilningsprófið Orðarún er samið af Dagnýju Elfu Birnisdóttur, Rósu Guðrúnu Eggertsdóttur og Amalíu Björnsdóttur og gefið út af Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri. Í Orðarún eru 12 stöðluð lesskilningspróf ætluð nemendum í 3. - 8. bekk.

Orðarún er aðgengilegt á vefkerfinu Mentor

Orðalykill

Orðalykill er staðlað orðaforðapróf fyrir börn á grunnskólaaldri. Höfundar prófsins eru: Eyrún Kristína Gunnarsdóttir, Daníel Þór Ólason og Jörgen Pind

LOGOS

LOGOS er tölvuforrit/próf til að greina dyslexíu og aðra lestrarerfiðleika hjá börnum, unglingum og fullorðnum. Bjarnfríður Jónsdóttir, Guðbjörg Ingimundardóttir, Guðlaug Snorradóttir og Gyða M. Arnmundsdóttir hafa þýtt, staðlað og staðfært það í samstarfi við lestrarsérfræðinginn prófessor Torleiv Høien frá Noregi. Það kom út á Íslandi 2008

LOGOS skiptist í tvo prófaflokka. Annar prófaflokkurinn er ætlaður nemendum í 3. – 5. bekk, en hægt er að nota ákveðna þætti úr prófinu fyrir nemendur í 2. bekk í þeim tilgangi að greina lestrarerfiðleika barna eins fljótt og unnt er. Prófaflokkurinn skiptist í 17 prófþætti og lögð er áhersla á snemmtæka íhlutun og kennslufræðileg úrræði hvað varðar lestrarnám barna.

Hinn prófaflokkurinn er ætlaður nemendum í 6. – 10. bekk og fullorðnum. Sá prófaflokkur er í 14 prófþáttum sem greina leshraða, lesskilning, hlustunarskilning, umkóðun og aðra lestrartengda færni. Flestir prófþættirnir eru metnir með tilliti til nákvæmni og viðbragðsflýtis.

Prófin eru stöðluð út frá aldurssvarandi viðmiðun.

LOGOS nýtist einnig til skimunar á heilum bekkjum eða árgöngum. Sérkennari leggur prófið fyrir og les úr niðurstöðum.

Kennsluaðferðir

PALS

PALS sem er samtvinnnað efni úr fornum fræðum og nýjum. Aðferðin er hingað komin frá Bandaríkjunum og hefur hún gefið góða raun þar og einnig í þeim skólum sem hún hefur verið reynd í hér á landi.

Aðferðin- PALS- pör að læra saman- gerir kröfu um mikla samvinnu nemenda. Þeir hjálpast að við lesturinn- lesa hvor fyrir annan- leiðrétta og spyrja hvor annan út úr og ræða svo um lesefnið.

Lesefnið getur verið mjög fjölbreytilegt. Það er valið eftir aldri, færni og áhugasviði lesenda.

Paralesturinn þjálfar nemendur í gagnvirkum lestri, örvar einbeitingu þeirra og skilning á því sem þeir eru að lesa og fást við hverju sinni. Smám saman geta nemendur sjálfir farið að nota þessa aðferð við heimanám eða próflestur og bæta um leið námsárangur sinn. Við lok grunnskóla er nauðsynlegt að nemendur hafi náð góðum tókum á lestri og lesskilningi. Grundvöllur frekara náms byggist á góðri lestrarfærni.

K-PALS (Kindergarten-PALS) ætlað 4-6 ára börnum það er aðferð sem þau eru búin að vera vinna með í leikskólanum og halda áfram með í fyrsta bekk.

Sögufléttan (Sögufléttuaðferðin/ hjálpartæki við sögugerð)

Þessi kennsluaðferð byggir á því að skapa sögu utan um eitthvað eins og t.d. dúkku þar sem hvert tákni hefur ákveðið hlutverk/gildi í framvindu sögunnar. Sögufléttan auðveldar nemendum að skilja söguuppbyggingu. Sögufléttan er leið til að leiðbeina nemendum að átta sig á innra skipulagi sögugerðar. Aðferðin byggir á því að auðvelda nemendum að skipuleggja og tjá hugsanir sínar í munnlega og skriflega framsögn. Sögufléttan er aðferð sem auðveldar nemendum að koma frá sér skriflegri frásögn í merkingarbært form þar sem hver atburður leiðir nemandann áfram til að skapa heildstæða söguuppbyggingu. Meginmarkmið kennslunnar auk skriflegrar uppbyggingar er að efla rökhugsun nemenda m.a. tilfinningatengsl og ábyrgð þ.e. orsök, afleiðing og lausnarleit.

Söguflétta fyrir 1. bekk

Þegar í fyrsta bekk er byrjað að vinna með sögufléttuna. Táknin sem unnið er með kveikja hugmyndir meðal nemenda. Táknin eru, andlit, stjarna, hjarta, slaufa og hjarta. Unnið er markvisst með sameiginlega sögu út frá táknunum með nemendum. Kennari leiðir nemendur áfram og býr hann nokkrum sinnum til sameiginlega sögu út frá táknunum með nemendum.

Bein kennsla. Nota myndir sem hjálpartæki til þess að kveikja hugmyndir meðal nemenda. Hægt er að breyta af og til með því að vinna út frá myndasögu þar sem hver hluti sögunnar er tengdur réttu tákni.

Söguflétta fyrir 2. bekk

Notuð verða sömu tákn í fléttu og fyrir fyrsta bekk en auk þess er „skónum“ bætt við. Andlit, stjarna, skór, slaufa og hjarta. Mikilvægt að rifja sögutáknin upp t.d. með því að lesa sögu með nemendum og láta þá tengja táknin við um leið og sögunni vindur fram. Kennari og nemendur skrifa síðan sameiginlega sögu með hjálp tákna. Hægt að nota myndir sem kveikju þar sem nemendur skrifa sögu út frá ákveðinni mynd. Áhersla er lögð á að vinna markvisst með ritun a.m.k. 1 x í viku. Stuðla að fjölbreytni í ritun, s.s. nota dagblöð, auglýsingar, ljóð og fleira.

Söguflétta fyrir 3. bekk

Smátt og smátt er bætt við tákn sögufléttunar þ.e. auk stóru tákna sem komin eru fyrir er hlekkjunum bætt við. Eftir því sem nemendur verða færari í að byggja upp sögu verða hlekkirnir ósjálfrátt fleiri en hlekkirnir byggja á að gera áætlun eða á því sem áður hefur komið fram í sögunni. Höndin táknar áætlun eða kemur í framhaldi af fyrri táknum þ.e. andliti, stjörnu, skó, hjarta. Hlekkurinn er svo tákn um framhaldið. Til þess að kynna höndina og hlekkina er gott að lesa sögur og ræða með nemendum hvernig þessi tákn tengjast og koma fram í sögunni. Mikilvægt að halda áfram að vinna með myndatáknin samhliða rituninni þannig að hún festist auðveldlega í minni. Gott er að snúa verkefnavinnunni við þ.e. þannig að nemendur lesa ákveðna sögu greina hana og finna sjálfir út hvenær það sem fram kemur í sögunni á við hvert tákn.

Víxllestur

Í víxllestri eru bæði kennarinn/foreldrið og nemandinn þátttakendur í lestrinum. Báðir eru með sama textann sem er valinn með tilliti til þess hver staða nemandans er í lestri. Mikilvægt er að kennarinn byrji að lesa og hafi í huga að leshraðinn sé í samræmi við leshraða nemandans þannig að viðkomandi geti fylgst með á sínum hraða. Þegar kennarinn/foreldrið hefur lesið eina til tvær síður, leggur hann til að nemandinn lesi svolítið sjálfur ef til vill tvær til þrjár línur eða bara nokkur orð ef nemandinn á í miklum

lestrarerfiðleikum. Þessi víxllestur heldur áfram, en hægt og sígandi minnkar kennarinn sinn þátt í lestrinum og lestur nemandans verður meiri. Einnig er hægt að ákveða í byrjun hversu margar línur kennarinn/foreldrið les og hversu margar nemandinn les. Þá kemur upp sú staða sem nemandinn er sáttastur við, og gefur mestu möguleikana á fjölbreytni og leik. Kennari/foreldrið og nemandi þurfa að vera sammála um að kennarinn lesi eins margar línur og hann vill og að kennarinn geti stoppað hvenær sem hann vill í miðri setningu. Nemandinn á þá að halda áfram eins lengi og hann treystir sér til. Þegar nemandinn stoppar tekur kennarinn/foreldrið við. Þessu heldur áfram þar til lestri er lokið. Mikilvægt er að nemandinn fái sjálfur að ákveða hversu mikið hann ætlar að lesa. Það getur farið eftir því hvernig honum líður og hversu jákvæður hann er þá stundina. Ef nemandinn velur að lesa stuttan texta þarf kennarinn að komast að því hvað veldur valinu. Í sumum tilfellum er það vegna þess að nemandinn er að komast hjá því að lesa. Kennarinn getur þá sjálfur lesið stutt í einu þannig að nemandinn verði að lesa oftar. Ef nemandinn gerir sitt besta en er ef til vill þreyttur og illa fyrirhallaður ætti kennarinn að lesa meira og gefa nemandanum kost á að lesa minna. Reynslan sýnir að yfirleitt fylgist nemandinn með því sem kennarinn er að lesa, hafi textinn verið valinn út frá áhugasviði nemandans og lestrarfærni.

Gagnvirkur lestur

Aðferðin felur í sér fjögur þrep auk forstigs og endurtekningar

Forstig: Lestur

Nemendur og kennari lesa stuttan kafla úr texta. Einn þeirra (kennarinn í fyrstu) er stjórnandi og les hann upphátt, hinir fylgjast með í hljóði. Lesturinn ætti ekki að vera langur. Ein efnisgrein er lesin í einu. Nemendur sem eiga í erfiðleikum með að lesa kaflann einir geta unnið með öðrum færari lesara (í pari).

1. Samantekt

Stjórnandinn tekur saman helstu atriði efnisins. Hann segir hvert meginefnið er. Aðrir geta bætt við eða mótmælt. Mikilvægt er að reyna að halda sig við aðalatriði og sleppa smáatriðum.

2. Spurninga spurt

Stjórnandi spyr einnar eða fleiri spurninga sem líklegt er að kennari myndi spyrja úr efninu. Þessi æfing gefur nemendum færi á að æfa sjálfsspurningar og ákveða mikilvæg atriði sem gætu komið til prófs seinna.

3. Útskýringar á orðum

Stjórnandi athugar hvort eitthvað þurfi útskýringar við. Á þessu stigi spyrja nemendur spurninga um atriði sem þeim finnst erfitt að skilja og vilja fá nánari útskýringar á. Kennarinn getur spurt spurninga og hvatt til spurninga frá hópnum eða bekknum. Þessu stigi er sleppt ef nemendum finnst allt skýrt og auðskilið.

4. Forspá

Stjórnandi spáir fyrir um framhald textans, það sem næst kemur. Nemendur bæta við eigin ályktunum.

Endurtekning ferlis Annar stjórnandi tekur nú við og ferlið er endurtekið þar til lokið hefur verið við lestur textans sem lesa á. (Jarþrúður Ólafsdóttir)

Lestrarsprettir

Lestraráttak er áhrifarík leið til þess að auka lestur hjá nemendum. Þar eru margar leiðir færar og æskilegt að ekki sé alltaf valin sama leiðin. Framkvæmd og útfærsla átaksins þarf að vera vel skipulögð þannig að allir nemendur hafi tækifæri til að bæta sig og standa sig vel. Erfitt er að gefa viðmið um lengd átaksins. Aðstæður og tegund átaks spila þar inn í en hægt er að hafa tvær til fjórar vikur sem viðmið. Átakið sé alltaf kynnt foreldrum með heimsendu bréfi.

Orð af orði

Orð af orði er kennslufræði sem eflir læsi og námsárangur barna og ungmenna. Heitið sprettur af orðaleik þar sem „orðaforði“ er brotið niður á frumlegan hátt. Þá verður til orðaf-orði og nemendur ráða í merkingu orða, nýta orðasafn á fjölbreyttan hátt og efla þannig skilning sinn. Hugmyndir um hvernig hægt er að nýta orð af orði í starfi með nemendum; Orð dagsins, Orðhlutavinna, orðapúsl, orðaforðavinna – unnið með orð úr sögu, Rím, orðaleit, orðtök og málshættir, yndislestur, hugtakakort og að lokum gagnvirkur lestur.

Fágæti og furðuverk

Verkefnið *Fágæti og furðuverk* hefur að markmiði að efla lestraráhuga nemenda, sérstaklega drengja, sem annað hvort eiga erfitt með eða eru áhugalausir um lestur. Með *Fágæti og furðuverki* taka foreldrar virkan þátt í að lesa með börnunum heima og skapa þannig jákvæða lestrarfyrirmynd. Verkefnið *Fágæti og furðuverk* hefur verið notað í nokkur ár og rannsóknir sýna að það sé vel til þess fallið að efla færni nemenda og áhuga á lestri.

Fágæti og furðuverk er verkefni fyrir 4. bekk og byggir á bakpokum sem í er margskonar lesefni, s.s. bækur, tímarit og fylgihluti fyrir nemendur og foreldra. Lagt er upp með að efnið tengist áhugasviði nemenda, bæði stúlkum og drengjum. Meðfram lestrinum er rætt um lesefni barnsins og foreldra og velt fyrir sér viðfangsefnum sem efnið býður upp á. Á þann hátt getur skapast frjó umræða milli barna og foreldra. Verkefnið er unnið í fjórar vikur í senn tvisvar sinnum yfir skólaárið. Nemendur taka vikulega heim bakpoka til að vinna með í samvinnu við fjölskyldu sína. Í pokanum er listi yfir innihald hans og samskiptabók fyrir nemendur til að nota við mat á verkefninu. Einnig eru foreldrar hvattir til að skrifa athugasemdir í hana til kennara. Með sumum bókunum fylgir hljóðbók og þá hafa nemendur og foreldrar val um að lesa og/eða hlusta á bókina.

Verklagsreglur ef heimalestri er ekki sinnt

Ef heimalestri er ekki sinnt	Dags
1. Umsjónarkennari skráir í dagbók á Mentor ef heimalestri fyrir vikuna er ekki lokið, lesið 3x eða sjaldnar.	
2. Umsjónarkennari sendir tölvupóst heim ef heimalestri er ekki sinnt tvær vikur í röð.	
3. Umsjónarkennari hringir heim ef litlar breytingar verða.	
4. Ef ofangreindar aðgerðir bera ekki árangur boðar deildarstjóri foreldra/forráðamenn á fund.	

Komi s  sta a upp a  ofangreindar verklagsregur beri ekki  rangur er m linu v sa  til nemendaverndarr a s